

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 81/2004**

**frá 8. júní 2004**

**um breytingu á XVI. viðauka (Opinber innkaup) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XVI. viðauka við samninginn var breytt með samningnum um þátttöku Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu á Evrópska efnahagssvæðinu, sem undirritaður var 14. október 2003 í Lúxemborg <sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2151/2003 frá 16. desember 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 um sameiginlegt innkaupaorðasafn (CPV) <sup>(2)</sup>, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 330, 18.12.2003, bls. 34, skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

Eftirfarandi bætist við í lið 6a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002) í XVI. viðauka við samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32003 R 2151**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2151/2003 frá 16. desember 2003 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2195/2002 (Stjtið. ESB L 329, 17.12.2003, bls. 1), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 330, 18.12.2003, bls. 34.“

*2. gr.*

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 2151/2003, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 330, 18.12.2003, bls. 34, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 9. júní 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 130, 29.4.2004, bls. 3 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 23, 29.4.2004, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 329, 17.12.2003, bls. 1.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. júní 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***S. Gillespie***

formaður.